


SVERRIR HARALDSSON



MYNDIR 1942 - 73

Sýning að Kjarvalsstöðum, Miklatúni 6.-28. október 1973





ÚR SOGAMÝRI, 1966, olía, 125×130

Ávarp

Við bjóðum gesti velkomna á sýningu Sverris Haraldssonar og vonum að þeir njóti hennar vel.

Hér má sjá þrjátíu ára feril Sverris, allt frá upphafi, ásamt því sem hann er að mála í dag. Okkur langaði að sjá slíka sýningu.

Ánægjulegast var að hitta alla þá sem eiga þessi verk, og hve vel þeir tóku á móti okkur og aðstoðuðu á allan hátt. Við flytjum þeim okkar beztu þakkir, án þeirra hefði þessi sýning ekki orðið.

Knútur Bruun
Garðar Gíslason

Nokkur æviatriði




- 1930** Fæddur 18. marz í Vestmannaeyjum.
Foreldrar Haraldur Bjarnason og Anna Kristjánsdóttir.
- 1946** Flyzt til Reykjavíkur.
- 1946—1949** Nám við Handíða- og Myndlistarskólann.
- 1948** Tekur þátt í samsýningu Félags íslenzkra myndlistarmanna, og er síðan þátttakandi í flestum samsýningum félagsins.
- 1949—1952**
1953—1956 Kennari við Handíða- og Myndlistarskólann.
- 1950** Tekur þátt í Norðurlandasýningu í Helsinki.
- 1951** Sýnir myndir á hinni opinberu íslenzku sýningu í Oslo.
- 1952** Sýnir á íslenzku sýningunni í Brüssel.
Heldur sjálfstæða sýningu í Listamannaskálanum í Reykjavík.
- 1952—1953** Dvöl í París.
- 1953** Tekur þátt í Haustsýningunni í Reykjavík.
- 1954** Tekur þátt í íslenzku sýningunni í Kaupmannahöfn.
- 1955** Sýnir myndir á Samnorrænni sýningu í Róm.
- 1955—1957** Vinnur einkum að ýmiss konar skreytingum bóka og bygginga.




SJÁLFSMYND, 1964, blýantur, 28×22


- 1957—1960** Dvöl í Vestur-Berlín.
- 1958** Tekur þátt í norrænni sýningu í París.
- 1960—1962** Kennari við Handiða- og Myndlistarskólann.
- 1960** Sýnir myndir á Reykjavíkursýningunni.
- 1961** Tekur þátt í Biennale de Paris.
Tekur þátt í norrænu sýningunni í Listasafni Íslands.
Sýnir teikningar á Mokka-kaffi.
- 1963** Sýnir sjálfstætt í Listamannaskálanum myndir mest-megnis unnar með sprautu.
- 1964** Tekur þátt í Biennale de Paris. Nútímalistasafnið í París kaupir þar eitt verka hans.
- 1965—1967**
- 1969** Kennir myndlist á vegum listafélags M.R.
- 1966** Listafélag M.R. efnir til sýningar á nýjustu verkum hans.
- 1969** Listafélag M.R. heldur aðra sýningu á nýjum verkum.
- 1970** Flytur að Hulduhólum í Mosfellssveit.
- 1972** Tekur þátt í samnorrænni sýningu að Kjarvalsstöðum.
- 1973** Myndir 1942—1973 að Kjarvalsstöðum.



FRÁ VESTMANNAEYJUM, 1948—1965, blýantur, $22\frac{1}{2} \times 26\frac{1}{2}$



MODEL, 1967, blýantur, 39×58



1950, krit, 49×38

Brot úr viðtölum

Úr viðtali Vilborgar Harðardóttur
í Þjóðviljanum 6. maí 1966

Sérðu ekki að ég er kominn í ný fót? byrjaði Sverrir samtalið. Nýjan jakka, nýjar buxur. Nýja peysu og nýja skyrtu. Núna fékk ég tvenn, kaupmaðurinn vill víst fá þetta dýra mynd.

En ég ætlaði ekki að spryra Sverri um fót, ég ætlaði að reyna að fá hann til að segja, hvað hefði gerzt í list hans. Kannski er of frekt að spryra listamann slíks. Kannski getur hann heldur alls ekki svarað því sjálfur.

Sverrir, það verða áreiðanlega margir hissa á landslaginu í myndunum þínum núna.

Ég man eftir gömlum fígúratívum myndum frá þér, síðan abstrakt, géometriskum, enn síðar þessum fallegu sprautumyndum og nú eru þær orðnar fígúratívar aftur. Hvernig skýrirðu þetta sjálfur?

Allir mála fyrst fígúratívt, a. m. k. fram yfir fermingar-aldur. Það kemur af sjálfu sér, krakkar reyna að gera sem nákvæmestar eftirmyn dir. Þegar þeim finnst þau ekki geta gert nógu vel, leiðist þeim og þau hætta. Ég teiknaði líka eins og aðrir krakkar, en ég hætti aldrei.

Hvenær byrjaðir þú á abstrakt málverkinu?

Í skólanum. Ég fór fyrst að sjá abstrakt myndir eftir að ég kom til Reykjavíkur, og fór fljótt að stílisera.

Síðan jókst það meir og meir, og seinast var ég kominn út í þetta géometríská abstrakt.

Þegar ég reyni að gera mér grein fyrir þessu nú sé ég að meðan ég var sem lengst sokkinn í þessa géometríu hef ég verið orðinn hálfblindur maður, það er að segja ég sá, en sá þó ekki. Ég sá ekki náttúruna og varð ekki fyrir neinum áhrifum af henni. Ég var hættur að reagera gegn henni og jafnvel gegn sjálfu lífinu. Ég sá ekki lengur litina. Þetta var óhugnanlegt, og ég þykist vita, að margir sitji enn í þessu. Ekkert hafði áhrif á mann í náttúrunni.

Maður þaut upp í sitt tilbúna turnherbergi og fór að glíma við að raða saman ferhyringum á kúnstugan hátt. Því lengra sem þetta gekk, því meira dofnuðu tilfinningarnar.

Þessar fyrstu myndir, sem voru lausar við géometriuna, urðu til fyrir áhrif frá sjóndeildarhringnum. Ég hafði verið þrjú ár erlendis, og viðáttan hér heima hafði óhemjuleg áhrif á mig, birtan á himninum, kvöldroði, sólarlag, tunglskin. Yfirleitt þessar kvöldstemningar. Þó var alltaf rönd með, jörðin.

Þessar sprautumyndir komu mér í gang. Þegar ég var í flatarmálinu fannst mér alverst að þurfa að nota olíulitina, því ég vildi gera þetta fullkomíð og hafa fletina eins og skorna. Það var miklu auðveldara að fá góða mynd með hörpusilki, en ég hafði engan stimpil fyrir því að það væri hægt að nota annað en olíuliti í listaverki.

Það hafði talsverð áhrif á mig, þegar þessar finu, listrænu ljósmyndir fóru að koma. Mér fannst þetta svo stórkostlegt og fint að ég gat ekki hugsað mér að gera neitt fyrr en ég væri búinn að ná valdi á einhverri svona tækni. Þá tók ég sprautuna og náði þeiri tækni, en hún reyndist síðan ekki það sem ég hafði vænzt.

Hún gerði þó sitt gagn og hjálpaði mér til að brjóstast út úr þessu tömi. Það höfðu safnázthjá mér hugmyndir, þó ég kæmi engu í verk, og ég losnaði barna við mikið, sem var búið að liggja á mér árum saman. Ég hafði heila sýningu með þessum sprautuverkum, en þetta var ekki eins mikils virði og ég hafði haldið, og svo hætti ég aftur að mála. Síðan fór ég að tálga spýtur, málaði kringum öskutunnurnar, bjó til garð úr kassafjöldum. Ég ætlaði mér að gera ekki neitt þangað til ég fynni til hvers mig langaði og reyndi að hafa engar áætlunar, en föndraði við spýtur og vírarusl.

Svo færði Kristjón Kristjánsson mér fallegan viðarstafla. Ég hafði alltaf haft löngun til að tálga spýtur og ætlaði einu sinni að verða smiður. Hafði þó haldið þessu niðri, en alltaf fengið sting í magann, þegar ég sá spýtur. Og nú urðu tréskurðarmyndirnar til margar, og ég gerði meira að segja kross úr palisander eftir pöntun.

Hvenær fórstu þá að mála aftur?

Nú er nákvæmlega ár síðan ég strengdi fyrst. Ég byrjaði án þess að hafa hugmynd um, hvernig ég myndi mála og málaði lengi yfir allt aftur jafnóðum. En eitt var víst, ég var farinn að sjá aftur og bregðast við. Farinn að njóta þess að horfa á náttúruna eins og þegar ég var ungar maður og óspilltur. Sjá litina. Ég var óstjórnlega glaður, ég get helzt líkt því við þegar kýr eru látnar út á vorin. Hugsauðu þér blindan mann, sem fær að sjá. Ég er afskaplega ánægður að ég skuli nú aftur sjá fjöll og fleira, og ég reagera nú við því, sem skeður kringum mig. Svo er annað: Ég er farinn að brosa og hlæ meira að segja stundum. Ég er líka farinn að gera prakkarastrík.

Og ertu ekkert hræddur við viðurkenninguna?

Varstu ekkert smeykur við hvað fólk varð almennt hrifið af fyrstu sprautumyndunum '61?

Margur lítur jú svo á, ekki sízt listamenn, að almennur smekkur sé ekki góður smekkur.

Nei, þáð gladdi mig. Fólkisíð var búið að segja — mikið asskoti er þetta fallegt — áður en þáð vissi af og gleymdi að spyrja hvað þetta væri, hvort þáð væri abstrakt, eða hvað þáð héti. Mér fannst þáð góðs viti að fólkisíð skyldi gleyma þessum formsatriðum. Hver maður fæðist með hæfileika til að njóta fagurra hluta, og þessi hæfileiki þróast eftir því hvort menn hafa tækifæri til að horfa á fallega hluti eða ekki. Mér finnst ekki hægt að áfellast fólk fyrir þáð, að þáð hefur ekki getað þjálfað sig til að njóta fegurðar.

Sumir hafa ekki nokkrar aðstæður til þess. Og þáð er ekki hægt að skamma fólk fyrir þáð, er þáð?

Ég var þá líka búinn að uppgötva svolitið ljótt: Að sumir beinlínis lifa á því að fólkisíð skilur þá ekki, og þáð væri þáð versta, sem þeim væri gert, ef fólk sæi í gegnum þá. Annars gætu þeir talið sjálfum sér trú um að þeir væru merkilegir og misskildir, lokað sig inni og gert uppgötvanir. Margir hafa leikið þáð að vera dularfullir og orðið ágengt með því.

Hvað reynir þú að sýna í myndum þínum?

Að vera listamaður, þáð er að vera blekkingameistari, töframaður. Þáð er engin list í málverki, sem er stæling. Þáð er hægt að mála listræna stælingu, ef mótið er listrænt, en hún verður þó ekki listaverk. Þáð verður að vera einhver umsköpun, allt annað er eftirlíking. Segjum að maður taki fyrir sólarlag. Til að ná þeim áhrifum og koma þeim áfram verður að umskapa og breyta, já, blekkja. Eða ég sé fjall og mig langar að sýna öðru fólk, hvað þetta er stórt og hrikalegt fjall, þá kannski geri ég fjallið enn stærra og þáð sem umhverfis er smærra. Þáð er þetta sem ég á við með blekkingum.

Þáð hlýtur að gleðja listamanninn að ná til annars fólks, og þáð er mikil eicingirni að gera fegurð bara fyrir sjálfan sig.

En til að maður geti orðið góður listamaður, verður hann að gefa sig allan. Hann verður að vera mjög lítillátur og leggja jafn mikla rækt við þáð smæsta og stærsta. Hann má ekki vera hafinn yfir neitt og ekki of merkilegur til að gera hvað sem er. Ef þú vilt skrifa leikrit, þarftu að hafa heildarsýn, en þú þarf líka að geta farið ofan í kjallara og kíkt þar undir dívan, og þú mátt ekki halda fyrir nefið!

Þegar verið er að mála verk, má ekki fara með frekju að því. Maður má vera myndugur, en þarf líka að geta verið auðmjúkur. Maður þarf að geta orðið örlítill gagnvart öllu og stundum dálítið stór, en þó aldrei ruddalegur.

Úr viðtali Dags Þorleifssonar
í Vikunni 6. maí 1971

Landslag á ákaflega rík ítok í okkur Íslendingum; við höfum þetta svo mikið fyrir augunum. Og ef maður vill koma einhverjum ákveðnum hugmyndum til skila gegnum eitthvað tema, þá held ég að landslagið sé ákaflega nærtækt fyrir okkur. Það hefur dálitið borið á því að nartað hafi verið í þessa landslagsdýrkun okkar hér, en ég held að hún sé nokkuð eðlileg. En vitaskuld er landslagið langt í frá eina efnið, sem er þess virði að það sé tekið fyrir.

Telurðu að hér lendir listamenn búi yfirleitt við nægilega góða aðstöðu til að lifa og starfa? Já, ég held það. Og sjálfur er ég dálitið tortrygginn gagnvart því að dekrað sé of mikið við þá. Vegna þess að ég held, að það skipti verulegu máli að eitthvað reyni á menn, þannig að í ljós komi hvort menn vilja eitthvað til vinna. Það síast þá oft úr það sem má síast úr. Eg held nú raunar að fátt drepi þá, sem raunverulega hafa þetta í sér og ætla sér þetta. En það er hægt að ganga of langt í því að dekra við listamenn; það getur ásamt öðru alið upp meðalmennsku og þar fyrir neðan.

Úr viðtali Odds Björnssonar
í »Steinar og sterkir litir« 1965

Hver var árangurinn af dvölinni í Handíðaskólanum?

Ég fór ásamt Benedikt Gunnarssyni í danstíma til Rígmor Hanson. Þeir fóru þannig fram: Stelpurnar stilltu sér upp öðrumegin og strákarnir hinumegin. Svo sagði Rígmor Hanson: Bjóða upp! Allir strákarnir þustu af stað, enda var mikið í húfi þar sem dömurnar voru færri. Með því að ég var gamall 100-metra hlaupari — að vísu amatör, varð ég mér alltaf úti um dömu, utan einu sinni að mér misheppnaðist í startinu. Nú hafði Benedikt einnig orðið seinn á sér og er okkur því gert að dansa saman tangó. Ég sótti ekki fleiri tíma.

Í Handíðaskólanum?

Hjá Rígmor Hanson.

Var þetta eini árangurinn af myndlistarnáminu? Nei. Ég hét mér því að snerta ekki pensil eða blýant það sem eftir væri ævinnar. Ég tók mig til og settist á bekk í Gagnfræðaskóla Vesturbæjar með það fyrir augum að taka landspróf. Ég hafði nefnilega stúdentspróf í sigtinu, og síðan sálfraðinám. Ég hélt þetta andskoti lengi út, en mánuði fyrir próf var ég lagður inn á Landspítalann með magasár. Þar með lauk þeirri viðleitni.

Um vorið tek ég þátt í samsýningu með Félagi íslenzkra myndlistarmanna og er tekinn inn í félagið að henni lokinni. Mun félagið ekki hafa sýnt svo ungum manni slíkan heiður. Þetta var mín fyrsta sýning utan skólaveggjanna. Næsta veturn fer ég svo aftur í Handíðaskólann, þvert ofan í öll heit, til þess að taka kennarapróf.

Á þessum tíma var drukkið af alvörupunga, höfðu menn meira að segja góð loforð um að drekka sig í hel. Sénín tileinkuðu sér sérstakt göngulag. Með frambung höfuð fetuðu þau sig um Austurstræti og inn í Skálann, þar sem Ólafur Friðriksson, Baldur Bjarnason, Elías Mar og ég héldum til. Þetta var alvörutímabil. Ég hló ekki í mörg ár. Jón Ásgeirsson hafði gert merka uppgötvin: Beethoven fann upp

búggí-vúggí. Mín kenning var sú að enginn gæti orðið séni nema hann fengi í magann.

Hvenær heldurðu fyrstu sjálfstæðu sýninguna? 1952. Um haustið fer ég til Parísar.

Nú ber svo við seinni part vetrar að Pétur Benedikts-son sendiherra þarf að bregða sér til Spánar til þess að taka á móti Gullfossi, sem var fullur af Íslendingum og einhverjum karlakór, er söng Dóná svo blá í stærsta samkomusalnum í Barcelona, líklega til þess að láta þá nú einu sinni heyra almennilegan Strauss þar syðra. Þetta hlustaði ég á og mun aldrei gera það aftur.

Ég var búinn að segja þér að ég hafði verið ákaflega blautur í París og þratt fyrir góðan ásetning minnkaði ég sízt drykkjuna á þessu ferðalagi. Nótt eina hafði ég dottað á skemmtistað einhvers staðar í borginni Barcelona. Þegar ég rumska aftur er búið að loka staðnum og landarnir, sem ég var í slagtogi með, horfnir. Líklega hef ég vaknað af eintómum þorsta, að minnsta kosti leið mér eins og kaktusi. Með því að ég hef næga peninga á mér ramba ég út með þeim ásetningi að leita uppi lókal þar sem ég gæti fengið mér meira að drekka. Ég næ mér í bíl, gef bílstjóranum til kynna að ég kunni ekki spænsku og reyni jafnframt að koma því inn í hausinn á honum að mér bráðliggi á að fá eitthvað að drekka. Hann virðist skilja þetta furðu vel og kinkar kolli. Hann ekur mér eitthvað um borgina og stanzar fyrir framan ógurlega stórt hús. Andskoti er þetta flott staður, hugsa ég með mér og borga bílinn. Fer út. Við dyrnar stendur dyravörður í úniformi og vísar mér inn. Ég held áfram að dást að þessari viðhöfn í huganum. Þegar inn kemur verður fyrir mér geysilega mikill gangur með mörgum dyrum beggja vegna. Þarna eru stólar meðfram veggjum, og þar sitja hnípnir menn, að því er virðist lítið betur á sig komnir en ég. Ég tek mér sæti yzt og hugsa sem svo hvort hér sé eitthvert skömmutarkerfi. Dyr opnast og út kemur maður ósköp eitthvað dafur í dálkinn og lotlegur, og annar

tekinn inn í staðinn. Svo koma menn út úr öðrum dyrum, allir skelfing breytulegir og uppburðarlitlir. Þetta hlýtur að vera ljóta óþverravínið, hugsa ég, þeir fá líklega ekki nema eitt glas eða svo. Það komst ekkert að nema þetta, hugsunin snerist um glös — ég reyndi að glæða með mér bjartsýni; ef til vill rynni þeim til rifja að horfa upp á þennan aðframkomna unga mann, kannski myndu þeir nú gera undantekningu og selja mér tvö glös — þrjú —.

Svo niðursokkinn var ég í þessum hugleiðingum, að ég tók fyrst í stað ekki eftir því að þarna töluðu menn íslenzku. Gullfoss var sem sé ennþá í höfn. Nú. Það saxaðist á mannskapinn, sem varð því niðurlútari sem lengra leið. Eftir einhverja óraelisfð — líklega meira en two tíma — þá er röðin loksns komin að mér. Mér er vísað inn um dyr, og þar tekur á móti mér þríbreið kerling. Hún víesar mér inn í herbergið, sem var einkar vistlegt: uppbúið rúm, bað og allt úr silki og plussi. Ég skil náttúrlega ekki stakt orð af því sem kerlingin segir. Ég læt hana vita það á ensku að ég vilji fá drykkinn. Eithvert hrafl kunni hún í því máli, allavega nóg til þess að heimta af mér ellefhundruð peseta. Nei, það nær engri átt fyrir eitt bjórglas, segi ég. Hún bablar og baðar út handleggjunum og er greinilega stíflað á meininguði og ég að sama skapi aðframkominn af þorsta, og þar sem ég var með rúmlega þessa upphæð í vasanum reiði ég fram ellefhundruð peseta. Varla hafði ég greitt gjaldið, þegar tjald var dregið til hliðar og inn kemur kvíknakinn kvenmaður — ein af þessum spænsku fínu kornungu senjórítum. Jæja. Mér varð svo um þessa óvæntu sýn — og þegar mér varð samtímis ljóst hvar ég hafði lent — að minnstu munaði að ég yrði bráðkvaddur á staðnum. Og út gekk ég — álútarí en allir hinir. Svo fékk ég auðvitað annað sjokk, þegar mér varð ljóst, hvað ég hafði látið ógert — fæ sjokk enn þann dag í dag þegar mér verður hugsað til þess.

1961 var haldin norræn samsýning í Reykjavík. Þar átti ég nokkur málverk — þau fyrstu sem ég sýndi síðan fyrir krísú. Þessi sýning markaði ekki aðeins þáttaskil í viðhorfi mínu til málverksins heldur líka í viðhorfi fólks til mín sem málara. Upphafið að ferli mínum hafði verið auðvelt, frá og með fyrstu sjálfstæðu sýningu minni, 1952, var ég tekinn góður og gildur. Samhljóða álit manna og fagmanna. En nú komust fagmennirnir og þeirra áhangendur aftur á móti í vanda. Myndirnar komu þeim eitthvað spánskt fyrir sjónir og röskuðu andlegu jafnvægi þeirra. Ekki bætti úr skák að þær voru gerðar með jafn prósásku tæki og sprautu. Ekki kom þetta þó í veg fyrir að margir yrðu hrifnir.

Leggurðu mikið upp úr ídeum?

Ég get að minnsta kosti varla hugsað mér ófrjóan listamann. Ætli það sé ekki svona álíka mikil skynsemi í því fyrir ídeusnauðan mann að ætla sér að gera listaverk og að halda hryssu undir geldan hest? Hitt er svo annað mál að ég legg mesta áherzlu á vinnuna — ég myndi kalla það vinnuna við málverk, sem hefst á því stigi sem margir hætta og telja sig hafa lokið við listaverkið. Þá er einmitt eftir að sigrast á því, og það getur kostað mikil átök.

Er ofvinna ekki til í þessu sambandi?

Sá maður sem ekki polir að vinna vel er einfaldlega ekki fær um að mála. Þetta mætti einnig orða á þann veg að sá maður sem leggur á sig það andlega átak, sem þetta starf útheimtir, hann er þannig úr garði gerður að þessi hætta, sem þú minnist á, er ekki fyrir hendi. Listaverk verður ekki til fyrir tilviljun. Listamaðurinn getur beizlað tilviljunina þannig, að hún verði aflvaki, en það verður að sigra hana. Fallekur steinn sem þú sérð i fjörunni, er hann listaverk? Nei. En hann getur inspírerað. Og listamaður getur gert úr honum listaverk. Í mínum augum er andinn eins og flugdreki, og ég er alltaf að reyna að tosa helvitið niður. Stundum tekst mér það ekki. Auðvitað er þetta ekkert annað en

einbeiting. Að vera einn með verkinu — algerlega einn: þá fyrst er komið samræmi. . . Það er oft mjög erfitt að ná því. En þetta er ekkert nema einbeiting.

Álíturðu að góð greind sé nauðsynleg þeim sem vill leggja fyrir sig listir?


Já. Sérhæfileikinn vill nefnilega hrökkva skammt ef menn hafa ekki andlegt þrek til þess að fylgja eftir og þá greind sem nauðsynleg er til þess að hann geti blómstrað. Heldurðu kannski að Mozart eða Chopin hafi verið idjótar — eða öllu heldur: væru þeir það sem þeir eru ef greindin hefði ekki verið í óvenju góðu lagi? Ungur maður sem hefur sérhæfileika en ekki góða greind, það er vægast sagt undir hælinn lagt hvar hann lendir.

Hvað um tæknina?

Það er ekki spursmál að hún verður að vera fyrir hendi og það í ríkum mæli, því að þá fyrst er hægt að einbeita sér algerlega að innihaldi verksins.

Tæknin er tækið til að koma hugmyndum sínum á framfæri — en það er bara ekki alltaf til góðs, ekki ef sálarlíf mannsins, sem hefur tækni á valdi sínu, er eintómur hafragrautur eða eitthvað þaðan af verra. Það er með öðrum orðum ekki nóg að hafa sérhæfileika, höndina og augað. Þeim sem hafa ekkert inni í sér eða þá tóman óþverra er þetta alltsaman hefnargjöf.


En þetta er nú að verða eintómt kjaftæði. Stefán Hörður sagði eitthvað á þá leið að listsþópun sé ekkert nema náttúra og náttúrulausir menn geti ekki verið listamenn. Marilyn Monroe tók í sama streng, svo ég sé ekki ástæðu til að rengja þetta. Það er ánægjulegt að sópa gólf ef maður vandar sig og gætir þess að sópa vel úti öll horn. Ég held að ekkert verk sé ómerkilegra en annað — ég efast um að maður sem telur sig yfir það hafinn að sópa vel geti gefið sig að listaverki. Vermeer hefur áreiðanlega verið góður sópari. Ég myndi nenna að fara á safn ef ég vissi af honum einhvers staðar langt inní afkima.




LANDSLAG, 1969, óleo, 84×134




ÚR SVÍNAHRAUNI, 1972, olía, 80×115




HALLDÓR LAXNESS, RITH., 1964, Acryl, 60×48



ÚR KELDUHVERFI,
1946, vatnslitir, 21×27



Í NÁTTÚRUGRIPASAFNINU, 1950, pennateikning, 18×28




1954, óleo, 60×60





1963, sprauta, 180×122

1961, krit, 100×21




1964, tré, hæð 50 cm






PÓRBERGUR PÓRDARSON, RITH.,
1971, býantur, 66×42




1967, olía, 90×120




GRJÓT, 1972, olía, 90×115




1958, vatnslitur, 78×59



LÁGMYND, 1949, tré, 67×41



FRÁ GRINDAVÍK, 1947—1961, krit, 26×28



ÚR SOGAMÝRI, 1948, krit, 26×29




ELÍAS MAR, RITH.,
1950, blýantur, 44×28


S.H. '50




ÚR BLÁFJÖLLUM, 1972, olía, 90×105



LANDSLAG, 1967—1968, olía, 85×95



1968, gips, hæð 85 cm




1963, sprauta, 179×58




1967, blýantur, 56×37



MODEL, 1948, krit, 27×42



VETUR Í SVÍNAHRAUNI, 1973, olía, 90×140




1965, olio, 103×82



1964, tré, hæð 38 cm



GÖTUMYND, 1951, olía, 80×50



KYRRALÍFSMYND, 1946, vatnslitir, 28×27

s. h.